

## FUNDARGERÐ HREPPSNEFNDAR

Þriðjudaginn 16. janúar 2007 var fundur haldinn í Hreppsnefnd Höfðahrepps kl 11<sup>00</sup> á skrifstofu hreppsins.

Á fundinn voru mætt: Adolf H. Berndsen, Birna Sveinsdóttir, Halldór Ólafsson, Sigríður Gestsdóttir, Erla Jónsdóttir og Magnús B. Jónsson.

Adolf H. Berndsen, oddviti setti fundinn og stjórnaði honum.

### **Dagskrá:**

#### 1. Fjárhagsáætlun 2007(síðari umræða)

Fyrir fundinum lá tillaga að fjárhagsáætlun 2007. Nokkrar breytingar höfðu verið gerðar á tillögunni frá fyrri umræðu sem sveitarstjóri skýrði með greinargerð. Samkvæmt áætluninni er gert ráð fyrir að jákvæð rekstrarniðurstaða A-hlutasjóða verði 15.004 þús. kr. á árinu og niðurstaða samstæðunnar verði jákvæð um 21.977 þús. Í yfirliti um sjóðstreymi kemur fram að áætlaðar fjárfestingar ársins nema 100.441 þús. og lækkun á handbæru fé verði 43.385 þús. Áætlað er að handbært fé í árslok verði 522.400 þús.

Sigríður og Erla lögðu fram svohljóðandi bókun:

*“Fjárhagsáætlunin sýnir engan vilja né framtíðarsýn til að bæta afkomu sveitarsjóðs til lengri tíma. Við höfðum vonað að samstaða yrði um að ráðinn yrði atvinnuráðgjafi sem hefði það markmið að móta stefnu og vinna að nýjum atvinnutækifærum. Okkar tillaga um að elsti árgangur leikskólana fengi 4ra tíma dagvistun endurgjaldslausu hefur einnig verið hafnað en að mati L-listans væri það e.t.v. sparnaður til lengri tíma litið þar sem það gæfi aukið tækifæri á að vinna betur að grunnskólagöngu barnanna og myndi auka samkeppnishæfni okkar um fólk til búsetu. Að öðru leyti sjáum við ekki ástæðu til annars en samþykkja tíðindalítla fjárhagsáætlun”.*

Adolf, Birna og Halldór óskuðu bókað:

*“Í bókun L-listans kemur fram að fjárhagsáætlun sýni engan vilja til að bæta afkomu sveitarsjóðs á sama tíma snúast hugmyndir L-listans um aukin útgjöld sveitarfélagsins. Varðandi ráðningu atvinnuráðgjafa vilja fulltrúar S-listans benda á að sveitarfélagið, fyrirtæki og einstaklingar í Höfðahreppi hafa aðgengi að 5 atvinnuráðgjöfum á vegum Atvinnuþróunar SSNV, en Höfðahreppur leggur fjármuni til þeirrar starfsemi. Jafnframt því að þjónusta ráðgjafafyrirtækja hefur verið og er til staðar ef þörf er á. Á undanförunum árum hefur sveitarfélagið eitt sér og í samstarfi við fyrirtæki og einstaklinga tekið þátt í könnunum og úttektum á möguleikum þess að kaupa fyrirtæki til staðarins. Þeirri vinnu verður haldið áfram enda nauðsynlegt að efla atvinnulíf á staðnum. Málefni leikskólans eru sífellt til skoðunar með bætta þjónustu og rekstrarábyrgð í huga”.*

Fjárhagsáætlun var rædd og farið yfir breytingar frá fyrri umræðu áætlunin var síðan samþykkt eins og hún lá fyrir fundinum.

#### 2. Bréf:

- a) Markaðsskrifstofu Norðurlands dags. 8. jan. 2007.

Með bréfinu er hvatt til að hreppsnefnd taki þátt í rekstri markaðsskrifsofunnar og meðfylgjandi endurskoðað sammingsform milli sveitarfélagsins í MFN svo og verkefnalisti yfir það sem skrifstofan mun vinna að á árinu 2007.

Oddviti lagði til að afgreiðslu bréfsins verði frestað þar sem til skoðunar sé á vettvangi SSNV hvort sveitarfélög innan samtakanna gerist sameiginlega aðilar að MFN.

b) Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga, dags. 29. des. 2006.

Í bréfinu er gerð grein fyrir uppgjöri framlaga úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga 2006 og áætlanir um úthlutun framalag á árinu 2007.

Bréfið var til kynningar.

c) Útvarps Kántrýbæjar, dags. 3. jan. 2007.

Með bréfinu þakkar Hallbjörn Hjartarson fyrir styrk sem Höfðahreppur veitti útvarpi Kántrýbæ.

Bréfið var til kynningar.

d) Reynis Lýðssonar og Péturínu Jakobsdóttur, dags. 28. des. 2006.

Með bréfinu er óskað eftir niðurfellingu gatnagerðagjalda vegna stækkunar á byggingarrétti á lóðinni Hólabraut 9 í samræmi við ákvörðun hreppsnefndar 30. október 2006.

Erindið var samþykkt.

e) Hestamannafélagsins Snarfara, dags. 23. ág. 2006.

Með bréfinu er óskað eftir stuðningi við reiðnámskeið Snarfara sem haldið var sl. sumar.

Erindið var samþykkt.

### 3. Fundargerðir:

a) Tómsunda- og menningarmálanefndar, 10. jan. 2007

Fundargerðin var samþykkt.

b) Fræðslunefndar, 8. jan. 2007.

Við umfjöllun um fundargerðina varð mikil umræða um skólamál og rekstur grunnskólans.

Fundargerðin var samþykkt með fyrirvara um 1. lið dagskrár.

c) Samtaka sveitarf. á köldum sv. 17. nóv. 2006

Fundargerðin var til kynningar.

### 4. Önnur mál

a) Oddviti greindi frá því að hann ásamt sveitarstjóra muni á næstu dögum eiga fund með fulltrúum Skagabyggðar þar sem sameiginleg málefni verði tekin til umfjöllunar og hvað sé eðlileg hlutdeild þeirra.

**Hreppsnefnd Höfðahrepps**  
**Fundargerðir**

- b) Oddviti upplýsti um gang þeirra mála innan héraðsráðs sem samþykkt voru á síðasta fundi héraðsnefndar um skoðun á frekari samvinnu sveitarfélaganna.

Fleira ekki tekið fyrir fundi slitið kl. 14<sup>00</sup>

Adolf H. Berndsen  
(sign)

Sigríður Gestsdóttir  
(sign)

Halldór Ólafsson  
(sign)

Birna Sveinsdóttir  
(sign)

Erla Jónsdóttir  
(sign)

Magnús B. Jónsson  
(sign)